

Samfélagsleg nauðsyn að hægja á útbreiðslu COVID-19

Ríkisstjórn Íslands, Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands eru sammála um nauðsyn þess að hægja á útbreiðslu COVID-19 veirunnar. Vitað er að veiran er meira smitandi en hefðbundin influensa og bóluefni er ekki fyrir hendi. Veiran og aðgerðir gegn henni eru nú þegar byrjuð að hafa áhrif á vinnumarkaðinn og samfélagið allt og má búast við að þau áhrif muni aukast á næstu dögum.

Markmið sóttvarna er að hægja á útbreiðslu veirunnar, vernda viðkvæma hópa fyrir smiti og draga úr álagi á heilbrigðiskerfið og innviði samfélagsins á meðan veiran gengur yfir. Sóttkví er mikilvægt úrræði í þessu skyni og er því beint til fólks sem af ýmsum ástæðum má ætla að sé í verulegri hættu að smitast eða smita aðra virði fyrir mæli heilbrigðisyfirvalda um að dvelja í sóttkví.

Ákvörðun um sóttkví er tekin með hagsmuni heildarinnar í huga og því mikilvægt að einstaklingar geti fylgt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda um að fara í sóttkví án þess að hafa áhyggjur af afkomu sinni. Aðilar hafa því orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. Samtök atvinnulífsins munu beina þeim tilmælum til atvinnurekenda að laun verði greidd til einstaklinga sem sæta sóttkví að fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda.
2. Alþýðusamband Íslands mun beina þeim tilmælum til aðildarsamtaka sinna að sjóðfélagar í sjúkrasjóðum þeirra sem sýkjast njóti óskertra greiðslna úr sjóðunum að tæmdum veikindarétti.
3. Stjórnvöld munu beita sér fyrir að breytingar verði gerðar á lögum um sjúkratryggingar í þá veru að atvinnurekandi, sem greiðir launamanni sem sætt hefur eða mun sæta sóttkví laun, geti krafist sjúkratryggingar um endurgreiðslu kostnaðar að ákveðnu hámarki séu tilteknar aðstæður fyrir hendi eins og til dæmis að launamaður geti ekki sinnt vinnu heiman frá sér. Unnið verði að útfærslu á þeirri aðkomu stjórnvalda og gildistíma og stefnt verði að því að þeirri vinnu verði lokið 13. mars.

Reykjavík, 5. mars 2020

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra

Eyjólfur Árni Rafnsson formaður Samtaka atvinnulífsins

Drífa Snædal forseti Alþýðusambands Íslands